

1. Í hugum okkar flestra eru frjáls félagasamtök órjúfanlegur hluti virks lýðræðis. Í þeim endurspeglast rödd fólksins og þær áherslur sem einkum eru uppi í samfélaginu.

Af þessum sökum er leitað leiða til þess að styðja við bakið á frjálsum félagasamtökum og veita þeim hlutdeild í ákvarðanatöku, í trausti þess að þannig sé hægt að inna ýmsa félagslega þjónustu betur af hendi og til að ýta undir þróun í átt til aukins lýðræðis og velmegunar. Alþjóðlegar stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið og Evrópuráðið leggja nú mikla áherslu í sínu starfi á samstarf við frjáls félagasamtök. Á heimasíðu Sameinuðu þjóðanna rakst ég m.a. á skýrslu frá Flóttamannahjálpi þeirra – en þar segir: "án frjálsra félagasamtaka værum við máttvana." Í tilmælum Ráðherraráðs Evrópuráðsins nr. 11 frá 2000, um flutning fólks milli landa til starfa í kynlífsiðnaði er áhersla lögð á samvinnu stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka sem láti sig manskali varða.

Stjórnvöldum og frjálsum félagasamtökum er nauðsynlegt að treysta hvort öðru og viðurkenna hvort annað sem samstarfsaðila og jafningja, sem hvort um sig gegni skýru og mikilvægu hlutverki til að vinna að sameiginlegum markmiðum. Stjórnvöld geta ekki barist ein gegn erfiðum aðstæðum. Þau setja og framfylgja stefnumarkandi reglum sem tryggja eiga framfarir, frjáls félagasamtök leggja til þekkingu á vandamálunum, nálægð og tengsl við sína skjólstæðinga og samvinnu sín á milli sem auðveldar nýjum hugmyndum að festa rætur. Þau skilja innviði hvers annars og geta unnið sameiginlega að markmiðum sínum þegar þörf krefur, t.d. komið upp samskiptaneti, m.a. til að tryggja aðgengi að upplýsingum og stuðla að vitundarvakningu almennings. Þau hafa og bestu þekkinguna á aðstæðum skjólstæðinga sinna og hvernig best megi verða þeim til aðstoðar, vegna náinna tengsla sinna við þá og þeirrar reynslu sem slík tengsl skapa.

2. Mikilvæg reynsla frjálsra félagasamtaka nýtist ekki síst í baráttunni gegn verslun með konur. Ástæðan fyrir því að Stígamót eru að blanda sér í umræðuna um klám og vændi er sú að það voru skjólstæðingar okkar sem kenndu okkur hver tengslin væru og það tók langan tíma að læra það. Margar konur og karlar hafa leitað til Stígamóta með vændissögu. Ekkert fólk

hefur verri sjálfsmynd, lifir í meiri skömm eða hefur þolað meira ofbeldi, hatur og auðmýkingu. Jafnvel þó þessum einstaklingum takist að losna úr vændinu hefur það þó sett merki á sál þeirra sem aldrei verða afmáð. Kristínarsjóðurinn, sem fjármagnar baráttu Stígamóta gegn vændi, var stofnaður til minningar um þá konu sem kennt hefur Stígamótum og þjóðinni allri hvað mest um tengslin á milli kynferðisofbeldis og vændis. **Á þeim þrettán árum sem Stígamót hafa starfað höfum við aldrei hitt hina hamingjusömu hóru.**

- **Meðal þess sem Stígamót hafa gert í baráttunni gegn verslun með konur er að setja upp** grænt númer en þangað geta konur og karlar sem starfa- í klám- og vændisiðnaði hringt og leitað eftir aðstoð eða veitt upplýsingar. Á síðasta ári fór einnig ungt fólk á vegum Stígamóta á nektardansstaði og afhentu stúlkunum 500 kr. seðla, en á þá var festur miði með græna númerinu.
- Þá hafa samtökin leitast við að auka þekkingu sína á vandamálinu með námsferðum, t.d. til Danmerkur þar sem starfskonur Stígamóta kynntu sér m.a. starfsemi Hreiðursins, sem er athvarf fyrir konur í vændi.
- Enn fremur höfum við leitast við að fræða sem flesta um vandamálið, með því að halda ráðstefnur, bjóða hingað erlendum sérfræðingum um umfang og afleiðingar kláms, vændi og flutning kvenna milli landa til starfa í klámiðnaði.
- Við höfum og reynt að vekja almenning til vitundar um við hvað er að eiga, t.d. með auglýsingum. Til gamans má geta að Stígamót fengu 4 tilnefningar til verðlauna í keppni sambands íslenskra auglýsingastofa og hlutu 1. verðlaun í almannaeillaaflokki fyrir auglýsingu sína „Söluvara“ og einnig fékk hugmyndin um seðlana með græna númerinu sem ég nefndi áðan 1. verðlaun sem óvenjulegasta auglýsingin .
- Stígamót hafa einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum í samstarfi við erlend systursamtök, á Norðurlöndunum, s.s Nordiske kvinner mot vold og innan Evrópusambandsins. Vert er að nefna að Stígamót eru ein þriggja samtaka sem stýra stóru verkefni sem er styrkt af Evrópusambandinu og felst m.a. í því að koma á samskiptaneti fyrir frjáls félagasamtök sem berjast gegn flutningi kvenna og barna milli landa til starfa í klám- og vændisiðnaði. Verkefnið heitir THE EUROPEAN NETWORK AGAINST TRAFFICKING OF WOMEN FOR SEXUAL EXPLOITATION. Eiga samtök þau

sem að verkefninu standa, það sammerkt að líta á klám, vændi og verslun með konur sem kynferðisofbeldi og vilja feta í fótspor Svía, láta þá sem bera ábyrgð á ofbeldinu axla hana og banna kaup á hvers kyns kynlífsþjónsutu. Ætlunin er að setja upp heimasíðu, gefa út fréttabréf og miðla af reynslu í hverju landi fyrir sig, einkum þar sem vel hefur tekist til í baráttunni gegn mansali.

- Þá hafa Stígamót leitast við að ná eyrum stjórnámálamanna, m.a. með að bjóða þeim í eftirmiðdagskaffi þar sem þeim voru kynntar 10 tillögur að þingmálum.

Mig langar að koma á framfæri nokkrum hugmyndum Stígamóta og leggja áherslu á atriði sem við teljum mjög mikilvæg í baráttunni gegn mansali, klám- og vændisiðnaði.

1. Fyrst vil ég lýsa yfir ánægju minni með tvö frumvörp til breytinga á hegningarlögum sem liggja frammi á yfirstandandi þingi, annars vegar frumvarp sem Dómsmálaráðherra hefur lagt fram og hins vegar frumvarp Kolbrúnar Halldórsdóttur. Innihalda bæði frumvörpin ákvæði um bann við mansali. Í síðarnefnda frumvarpinu er hins vegar einnig að finna ákvæði um bann við kaupum á kynlífsþjónustu, þ.e., eins og ég nefndi áðan, að ábyrgðin verði sett þar sem hún á heima, hjá kaupendum. Slík lög hafa Svíar sett og Mette Frederiksen í Danmörku hefur tekið upp baráttuna þar í landi innan sósíaldemókrataflokksins fyrir lögfestingu slíkra ákvæða. Er það von okkar að bæði ákvæði um mansal og bann við kynlífsþjónustu verði að lögum.
2. Þá teljum við mikilvægt að Palermosamningurinn verði fullgiltur á Íslandi, en dómsmálaráðherra hefur boðað að stefnt sé að fullgildingu hans og bókun við hann á næsta löggjafarþingi og fögnum við því.
3. Við leggjum til að innleidd verði svokölluð fórnarlambavernd (victimprotection) til þess að konur eigi möguleika á því að komast úr klóm þeirra sem gera þær út. Slík vernd tekur m.a. til að veita konunum landvist, endurhæfingu, félagslega, lögfræðilega og sálfræðilega aðstoð sem við getum öll verið sammála um a.m.k. út frá siðferðilegu sjónarmiði að þeim beri. Í tilmælum Ráðherraráðs Evrópuráðsins sem ég nefndi hér áðan, er lögð sérstök áhersla á að ríkisstjórnir aðildarríkja setji fórnarlambavernd sem algert forgangsverkefni.
4. Vitnavernd er líka nauðsynleg, því hér er sannarlega um að ræða alvarlega glæpi sem verður að upplýsa. Væntanlega verður slík vernd innleidd í ríkjum Evrópusambandsins fljótlega. Hún er þó

engan vegin nægileg, því margar konur sem dreymir um að komast út úr störfum í klámiðnaði, eru hræddar við þá sem gera þær út. Því verður að tryggja þeim vernd jafnvel þó þær treysti sér ekki til vitna gegn þeim. Í raun verður að tryggja þessum konum bæði fórnarlamba- og vitnavernd.

5. Tillögum nefndar um klám og vændi verði að því leyti fylgt eftir að einkadans verði bannaður með lögum alls staðar á landinu, ekki bara í lögreglusamþykktum Reykjavíkur, Akureyrar og nú síðast Kópavogs.
6. Konur sem stunda vændi hér á Íslandi eru enn sekar að íslenskum lögum- þessu hefur verið breytt alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum. Slík lög endurspeгла úrelt viðhorf til vændis sem við getum ekki verið þekkt fyrir. Vændi er kynferðisofbeldi og þeir sem því beita eiga að bera ábyrgðina.
7. Koma þarf á teymi lögreglumanna til þess að kljást við þessi mál. Þekkjum við til kennsluhóps sem ferðast á milli landa undir stjórn prófessor Liz Kelly og Paul Holmes alþjóðasérfræðings sem starfað hefur fyrir Europol og Alþjóða flóttamannahjálpinu. Þau halda þverfagleg námskeið fyrir lögreglu, embættismenn, félagsþjónustu, frjáls félagasamt. og fl. Stingum upp á að bjóða þeim til Íslands.
8. Tillögur liggja fyrir um að gefa klám frjálst á Íslandi og rökin eru m.a. þau að það hafi ekki verið sýnt framá að það sé skaðlegt. Þær dr. Diana E.H.Russel, Andrea Dworkin og Alexa Wolf eru nokkrar af þeim sem sýnt hafa fram á skaðsemi kláms og þeirra bækur og heimildarmynd eigum við fyrir áhugasama. Einnig bendum við á úttekt Kvinnefronten í Noregi á því klámi sem kaupa má í kjörbúðum þarlendis. Slíkt klámefti fæst hér á bensínstöðvum og í kjörbúðum. Það er reynsla okkar hjá Stígamótum að klám sé oft ekkert annað en myndað vændi og bæði myndbönd og myndir í dreifingu, geta jafnvel verið enn þyngri byrði að bera fyrir konuna heldur en hefðbundið vændi.

Um leið og ég þakka áheyrnina óska ég þess að okkur takist í sameiningu að uppræta klámiðnaðinn á Íslandi og með alþjóðasamstarfi að koma í veg fyrir flutning kvenna og barna milli landa til starfa í klámiðnaði.